



REYKJANESBÆR

Reglugerð Forvarnarsjóðs Reykjanesbæjar

1. grein

Sjóðurinn heitir *Forvarnarsjóður Reykjanesbæjar* og er í vörslu bæjarsjóðs.

2. grein

Markmið sjóðsins er:

- a) að styðja og styrkja forvarnarstarf í Reykjanesbæ.
- b) að aðstoða við framkvæmd forvarnarverkefna.

3. grein

MÍT ráð og Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi Reykjanesbæjar úthluta styrkjum úr sjóðnum samkvæmt vinnureglum. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun ráðsins, en ofangreindir aðilar geta einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

1. Árlegt framlag bæjarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun.
2. Frjáls framlög.
3. Vaxtatekjur.

5. grein

Menningar-, íþrótt og tómstundaráð skipar stjórn sjóðsins og skal birta uppgjör hans árlega með fundargerðum ráðsins.

6. grein

Reglugerð þessi tekur gildi þegar bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur staðfest hana.

Samþykkt í bæjarstjórn 7. febrúar 2006.